

Stofnanasamningur milli Flensborgarskólans

og

SFR – stéttarfélags í almannajónustu.

(Samkvæmt 11. kafla kjarasamnings og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 1. febrúar 2005).

1. Inngangur.

Samningur þessi er hluti af kjarasamningi Fjármálaráðherra og SFR-stéttarfélags í almannajónustu og gerður til að fylgja eftir samkomulagi um stofnanaþátt kjarasamningsins.

2. Gildissvið.

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Flensborgarskólanum.

3. Markmið.

- 3.1 Að tryggja stöðu skólans í fremstu röð með því að sjá til þess að laun og starfskjör starfsmanna hans séu sambærileg og í öðrum skólum sem og að þau séu samkeppnishæf við almennan vinnumarkað.
- 3.2 Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem skólanum er ætlað að sinna
- 3.3 Að launakerfið feli í sér möguleika til framgangs
- 3.4 Að launakerfið sé sveigjanlegt og gagnsætt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- 3.5 Að launakerfið tryggi starfsfólki gott og framsækið launaumhverfi
- 3.6 Að launakerfið tryggi áframhaldandi jafnrétti kynjanna sem og jafnrétti á öðrum sviðum
- 3.7 Beita árangurstengdu matskerfi til að umbuna starfsmönnum sem skila stofnuninni árangursríku starfi. Kerfið skal vera byggt á raunverulegum árangri sem er til hagsbóta fyrir afkomu stofnunarinnar og við miðlun þekkingar til allra er málið varðar.
- 3.8 Að launakerfið styðji sjálfsmatsaðferðir skólans og að þær nýtist við framgang og launaröðun.
- 3.9 Að launakerfið falli að skipuriti skólans sem og þeirri skilgreiningu starfa sem þar er viðhöfð.

Þessi markmið ber að setja í samhengi við markmið, gildi og ætlunarverk skólans eins og þau birtast í skipuriti hans.

4. Forsendur röðunar

Störfum skal raðað miðað við eðli starfs og starfslýsingu. Þess gætt að samræmi sé milli þeirra þátta sem móta starfið. Raða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang þeirra skv. hlutlægum mælikvarða sem er grunnröðun viðkomandi starfs.

4.1 Starfaflokkar og grunnröðun í launaramma og launaflokka.

Lfl. Starfaflokkur

01	Aðst. nemenda
09	Stuðningsfulltrúi
08	Þjónustuliði
13	Þjónustustjóri
09	Bókavörður
08	Matráður
20	Forst. mötuneytis
09	Fulltrúi 1
12	Fulltrúi 2
09	Húsvörður
15	Umsjónarmaður
25	Kerfisstjóri
25	Fjármálastjóri

5. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

5.1 Starfsreynsla

Starfsmaður skal hækka um launaflokk eftir 1 ár, 3 ár, 6 ár og 9 ár í starfi hjá Flensborgarskólanum nema að starfsreynsla hafi verið metin í upphafi starfs eða áður en þessum mörkum er náð.

Heimilt er að meta starfsreynslu frá öðrum ef hún nýtist í starfi og er hún talin til starfsreynslu hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti.

5.2 Menntun

Starfsmanni sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins er heimilt að hækka um launaflokka sem hér segir:

- Starfsmaður sem lokið hefur eins vetrar námi skal hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður sem lokið hefur tveggja vetra námi skal hækka um 1 launaflokk til viðbótar

5.3 Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- Starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk til viðbótar
- Starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk til viðbótar

5.4 Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokk/launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Leggja skal fram í samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem fram kemur hvaða forsendna er verið að taka tillit til.

6. Endurskoðun

Endurskoðun samnings þessa ber að gera eins og kveðið er á um í 11. kafla í kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 1. febrúar 2005.

Stofnanasamningurinn gildir frá og með 1. maí 2006

Hafnarfirði, 20. nóvember 2006

F.h. SFR – Stéttarfélag í almannáþjónustu F.h. Flensborgar

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að launahækkunir vegna styrkingar/þróunar launakerfis (grein 1.1.8 í kjarasamningi) eru inni þeim hækkunum sem koma í kjölfarið af þessum samningi.